

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
177. fundur – 4. febrúar 2013

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 4. febrúar 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 176. fundar heilbrigðisnefndar frá 26. nóvember 2012 lögð fram.

1 Fundargerð 155. starfsmannafundar frá 30. janúar 2013

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Garðatorg 7, Garðabær – kennslustaðir, samkomustaður og íþróttastöð

Lagt fram erindi bæjarritara Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 4.2.2013 þar sem fram kemur að Garðabær er ábyrgðaraðili aðili eftirfarandi starfsemi:

- Breiðamýri, Garðabær, íþróttamiðstöð með sundlaug. Gildistími starfsleyfis til 29. mars 2021.
- Breiðamýri, Garðabær, samkomusalur og mötuneyti. Gildistími starfsleyfis til 24. september 2018.
- Breiðamýri, Garðabær, leikskólinn Holtakot. Gildistími starfsleyfis til 29. maí 2018.
- Breiðamýri, Garðabær, kennsluhúsnæði tónlistaskóla. Gildistími starfsleyfis til 27. nóvember 2017.
- Breiðamýri, Garðabær vallahús, kennslustaður/frístundaaðstaða. Gildistími starfsleyfis til 14. desember 2023.

Endurskoðun starfsleyfa.

Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að breyta starfsleyfum og samþykkir yfirtöku starfleyfanna.

1.1.2 Mörk Marargrund, Garðabær – daggæsla á einkaheimili

Lögð fram umsókn Rósu Vigfúsdóttur kt. 180972-5529 dags. 9.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Mörk Marargrund, Garðabæ. Sérbylishús. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Hafnarfjörður

1.1.3 Dalshraun 17, Hafnarfjörður – verslun með merkingaskyldar efnavörur

Lögð fram umsókn Sigurðar Péturssonar f.h. Bílanaust ehf., kt. 411112-0390, dags. 20.12.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir varahlutaverslun með merkingaskyldar efnavörur að Dalshrauni 17, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0103, 01 0104. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.4 Fjarðargata 13 -15, Hafnarfjörður – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Scarlet Cunillera f.h. Snyrtistofu Rósu ehf., kt. 680912-1060, dags. 18.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Fjarðargötu 13 - 15, Hafnarfirði. Húshluti.: 01 0104. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.5 Flatahraun 5b, Hafnarfjörður – rafvélaverkstæði

Lögð fram umsókn Ásthildar Flygering, f.h. Rafeiningar ehf., kt. 591088-1739, dags. 1.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rafvélaverkstæðis að Flatahrauni 5b, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Grandatröð 4, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Gunnars Bergmanns, f.h. Hrafnreyðar ehf., kt. 420311-1170, dags. 17.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu og reykofns að Grandatröð 4, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Helluhraun 6, Hafnarfjörður – sandblástur

Lögð fram umsókn Eysteins Yngvasonar, f.h. Mögnunar ehf., kt. 601010-0700, dags. 17.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis með sandblástur að Helluhrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102 og 01 0105. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Suðurgarður Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfjörður – málmendurvinnsla

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 28.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á 2 skipum (við vestanverða olíubryggju í Hafnarfjarðarhöfn) að Óseyrarbraut 4, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 3 mánaða.

1.1.9 Selhella 5, Hafnarfjörður – átöppun á neysluvatni og heildsala

Lögð fram umsókn Sigurbjargar A. Símonardóttur, f.h. Brúarfoss International ehf. (Iceis International ehf.), kt. 440907-0750, dags. 25.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til átöppunar og dreifingar á vatni í neytendaumbúðum að Selhelli 5, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins frá 31. janúar 2013 til fyrirtækisins og erindi fyrirtækisins frá 1. febrúar 2013.

Afgreiðslu frestað þar sem fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir.

1.1.10 Staðarberg 6, Hafnarfjörður – félagsmiðstöð

Lögð fram umsókn Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 8.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsmiðstöðvar að Staðarbergi 6, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að úrbótum verði lokið innandyrá sbr. eftirlitsskýrslu.

1.1.11 Reykjanesbraut Straumsvík, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Guðmundar Péturssonar, f.h. ÍAV þjónustu ehf., kt. 651005-0430, dags. 29.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á asbesti í kerskálum í Straumsvík, Hafnarfirði. Húshluti: skáli 1 og 2. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

1.1.12 Sævangur 24, Hafnarfjörður – daggæsla á einkaheimili

Lögð fram umsókn Ingu Jónu Traustadóttur, kt. 230967-3859, dags. 4.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Sævangi 24, Hafnarfirði. Sérbýlishús. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

1.1.13 Ástún 6, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Sigurjóns G. Halldórssonar, f.h. Brotafis ehf., kt. 490108-2030, dags. 17.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Ástúni 6, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er staðfest samþykkt starfsleyfis.

1.1.14 Auðbrekka 17, Kópavogur – dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Einars Loga Eiðssona, f.h. Dekkjahússins ehf., kt. 640712-0150, dags. 25.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis að Auðbrekku 17, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.15 Auðbrekka 19, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ólafs Kr. Sigurðssonar, f.h. Vélastillinga., kt. 450575-0119, dags. 25.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Auðbrekku 19, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Bjarnhólastígur 16, Kópavogur – daggæsla á einkaheimili

Lögð fram umsókn Sigurrósar Hreiðarsdóttur, kt. 010765-4559, dags. 3.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Bjarnhólastíg 16, Kópavogi. Sérbylshús. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.17 Bæjarlind 2, Kópavogur – bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Róberts Reynissonar f.h. Bílaþvottastöðvarinnar Lindarinnar ehf., kt. 550512-1490 dags. 15.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til rekstur sjálfsafgreiðsluþvottastöðvar að Bæjarlind 2, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 – 01013 og hluti af 02. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um fullnægjandi hávaðavarnir og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.18 Nýbýlavegur 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar, f.h. Bónus., kt. 450199-3389, dags. 22.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Nýbýlavegi 2, Kópavogi. Húshluti: 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.19 Nýbýlavegur 12, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Héðinsdóttur, f.h. Kaffitárs ehf., kt. 440996-2649, dags. 4.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís og kaffihúss með sölu á brauðvörum að Nýbýlavegi 12, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Umsókn fylgja teikningar ASK arkitekta dags. 17.12.2012. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.20 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – veitingastofa

Lögð fram umsókn Petreu A. Ómarsdóttur f.h. Vektor flutningar ehf, kt. 711003-3120, dags. 15.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu með grillmat og íssölu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Húshluti.: 01 0103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.21 Skemmuvegur 16, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Einars Sigurðarsonar f.h. Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf., kt. 441194-3319 dags. 29.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 16, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.22 Skemmuvegur 16, Kópavogur – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Aðalbjörns Jóakimssonar f.h. SKB Bakka fiskvinnslu ehf., kt. 660312-0480 dags.10.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Skemmuvegi 16, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 (og 0102, 0103). Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.23 Smáratorgi 3, Kópavogur – verslun með snyrtivörur

Lögð fram umsókn Þóris Arnar Ólafssonar f.h. Heimkaups ehf., kt. 711012-0520, dags. 15.01.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með sölu á snyrtivörum að Smáratorgi 3, Kópavogi. Meðfylgjandi eru teikningar dags 4.01.2013. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.24 Smiðjuvegur 4a, Kópavogur – verslun með merkingarskyldar efnavörur

Lögð fram umsókn Sigurðar Péturssonar f.h. Bílanaust ehf., kt. 411112-0390 dags. 20.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með sölu á merkingaskyldum efnavörum og sölu á samlokum og sælgæti að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.25 Smiðjuvegur 5, Kópavogur – verslun með merkingarskyldar efnavörur

Lögð fram umsókn Gísla H. Sigurðssonar f.h. Garðheimar Gróðurvörur ehf., kt. 411091-1209 dags. 3.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með merkingaskyldar efnavörur að Smiðjuvegi 5, Kópavogi. Húshluti: 01 0101, 01 0102 og 01 0103. Ný starfsemi.

Fyrir liggur bréf byggingafulltrúa dags. 27.12.2012 þar sem gerð er athugasemd við gám á lóð.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.26 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – verslun með merkingarskyldar efnavörur

Lögð fram umsókn Hjálta Más Bjarnasonar f.h. Vatnsvirkjans ehf., kt. 671184-0929 dags. 30.11.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs byggingavöruverslunar með sölu á varasömum efnum að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.27 Víkurhvarf 4, Kópavogur – rafeindaverkstæði

Lögð fram umsókn Bjartmars Alexanderssonar, f.h. Grænnar Framtíðar ehf., kt. 410709-0150, dags. 7.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rafeindaverkstæðis að Víkurhvarfi 4, Kópavogi. Húshluti: 01 0107. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Breiðamýri, Garðabær – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10.01.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvenfélags Álftaness kt. 451179-0209, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri, þann 26.01.2013 frá kl. 19:00 – 04:00 fyrir 700 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Skólabraut, Garðabær – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 9.01.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeild Stjórnunnar kt. 580589-1389, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót í íþróttamiðstöðinni Mýrinni, þann 25.01.2013 frá kl. 19:00 – 03:00 fyrir 1200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.3 Lyngmóar 8, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 26.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nönnu Logadóttur., kt.060567-3289, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I að Lyngmóum 8, Garðabæ. Lagður fram tölvupóstur dags 10.01.2013 frá umsækjanda um fyrirhugaða kynningu hjá nágrönnum.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki hefur verið gengið frá starfsleyfi.

Kópavogur

1.2.4 Asparhvarf 19a, Kópavogur – heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 22.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nönnu Logadóttur, kt. 060567-3289, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Asparhvarfi 19a, Kópavogi. Lagður fram tölvupóstur dags. 10.01.2013 frá umsækjanda um fyrirhugaða grendarkynningu.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki hefur verið gengið frá starfsleyfi.

1.2.5 Bæjarlind 1-3, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 29.11.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ísbúðar Vesturbæjar ehf., kt. 520602-2750, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.11.2012 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn.”

1.2.6 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 11.01.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Vektor flutninga ehf., kt. 711003-3120, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Rjúpnasölum 1, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 4.2.2013 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn samþykkt.”

1.2.7 Salavegur 2, Kópavogur – samkomusalur, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 28.1.2013 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurðar J. Gunnarssonar, f.h. S.G. smiður ehf., kt. 650507-0880, þar sem sótt er um rekstarleyfi fyrir samkomusal að Salavegi 2, Kópavogi. Sótt er um rekstarleyfi fyrir samkomusal í I. flokki þar sem húsnæði verður leigt einstaklingum og félagasamtökum á veitingasölu.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki hefur verið gengið frá starfsleyfi.

1.2.8 Skálaheiði 5, Kópavogur, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 5.12.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Búddistafélags Íslands kt.550695-2519, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir fjölskylduhátíð í íþróttahúsi HK Skálaheiði, þann 15.12.2012 frá kl. 18:30 – 01:00 fyrir 100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.9 Skálaheiði 5, Kópavogur, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 31.12.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélag Kópavogs kt.630981-0269, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir árshátíð HK í íþróttahúsi HK Skálaheiði, þann 19.01.2013 frá kl. 19.00 – 02:00 fyrir 700 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Smiðjuvegur 4a, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Bílanaust ehf., kt. 411112-0390, dags. 20.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi.

Leyfi samþykkt.

1.3.2 Smiðjuvegur 26, Kópavogur – veitingastofu

Lögð fram umsókn Jón&Co. ehf., kt. 440900-2320, dags. 28.01.2013 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun að Smiðjuvegi 26, Kópavogi. Leyfi samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.3.3 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – veitingastofu

Lögð fram umsókn Vektor flutninga ehf., kt. 711003-3120, dags. 20.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í veitingastofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest.

1.4 Annað

Álftanes

1.4.1 Bakkar, Álftanes, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Björns Árna Ólafssonar f.h. Sveitafélagsins Álftanes kt. 440169-6869, dags. 17.12.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu á bökkunum norðan við Gesthús (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 19:30 þann 31. desember 2012. Jákvæð umsögn staðfest.

Garðabær

1.4.2 Sjávargrund, Garðabær – áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhanns Inga Jóhannssonar, f.h. Knattspyrnudeildar Stjörnunnar kt. 580589-1389, dags. 6.12.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Sjávargrund í Garðabæ, (sama staðsetning og undanfarin ár) kl. 21:00 þann 31. desember 2012. Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

1.4.3 Tjarnarvellir, Hafnarfjörður – áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Geirs Garðarssonar, f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419, dags. 14.12.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Tjarnarvelli 7, Hafnarfirði (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20:30 þann 31. desember 2012. Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

1.4.4 Guláping, Kópavogur – áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Árna Þórs Árnasonar kt. 240366-5179, dags. 17.12.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu í Þingahverfi fyrir ofan Guláping, kl. 20:30 þann 31. desember 2012. Jákvæð umsögn staðfest.

1.4.5 Smárahvammur, Kópavogur – áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kristjáns Jónatanssonar f.h. Breiðabliks, kt. 480169-0699, dags. 14.12.2012, þar sem sótt er um leyfi til áramótabrennu á brennusvæði við Smárahvamm (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20:30 þann 31. desember 2012. Jákvæð umsögn staðfest.

2 Reykjavíkurvegur 54, bílapvottastöð. Úrskurður

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 76/2012 varðandi kæru á ákvörðun heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis frá 25. júní 2012 um að endurnýja starfsleyfi bílapvottastöðvar að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.

Úrskurðarorð: „Hafnað er kröfu um ógildingu ákvörðunar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 25. júní 2012 um að endurnýja starfsleyfi bílapvottastöðvar að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.“ <http://www.uua.is/?c=verdic&id=37>

3 Reykjavíkurvegur 54, bílapvottastöð. Afturköllun starfsleyfis

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits frá 27. nóvember 2012 til Bílapvottastöðvarinnar Löðurs ehf. varðandi alvarlegt brot á starfsleyfi vegna reksturs að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði og að heilbrigðisnefnd íhugi að beita ákvæði 31. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, um afturköllun starfsleyfis, stöðvun eða takmörkun starfsemi og loka frest til að grípa til viðeigandi úrbóta.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits frá 28. desember 2012 til Bílapvottastöðvarinnar Löðurs ehf. varðandi áminningu og íhugun um beitingu dagsekta verði viðunandi úrbætur ekki framkvæmdar vegna reksturs sjálfvirku þvottastöðvarinnar.

Lagt fram erindi Guðmundar Inga Haukssonar sem barst í rafrósti 1. febrúar 2013 þar sem fram kemur að nýr aðili IP Vörur hf. hafi tekið við rekstrinum og óskað er eftir að núverandi starfsleyfi verði ekki afturkallað nú þegar. Jafnframt er lýst yfir að sjálfvirkri þvottastöð yrði lokað og tryggt að ryksugur yrðu aðeins virkar milli kl. 9 og 20.

Heilbrigðisnefnd staðfestir að með því að loka sjálfvirku þvottastöðinni og hafa ryksugur ekki í gangi á kvöldin og um helgar er fullnægt skilyrðum starfsleyfis.

4 Skipulagsmál

4.1 Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, tillaga til kynningar

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar, dags. 27. desember 2012 ásamt tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Tillagan er til kynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við skipulagsstjóra Kópavogsbæjar um áherslur heilbrigðisnefndar.

4.2 Oddfellowblettur við Hólmsárbrú

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar, dags. 2. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um erindi Miklabæjar ehf. er óskar eftir að skipulagi Oddfellowsblettur við Hólmsárbrú verði breytt fyrir tvær vöruskemmur.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

„Umrætt land er við Hólmsá þar sem lítilla mengunaráhrifa gætir og ber við ákvarðanatöku að gæta að kröfum í lögum um stjórn vatnamála, nr. 23/2011 með síðri breytingum. Í þeim lögum er kveðið á um að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Landið er jafnframt á fjarsvæði B samkvæmt svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem um stóra framkvæmd er að ræða með tveimur vöruskemmum fyrir óskilgreinda starfsemi á 4,592 ha. landi, þarf að skoða hönnun sérstaklega út frá lausnum við vatnstöku og fráveitu. Lausnum sem eru í takt við staðsetningu. Tvær minni háttar rotþrær eru ekki lausn við þessar aðstæður.“

4.3 Dalvegur, Kópavogur

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 10. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum um framkvæmd breytingar á Dalvegi í Kópavogi.

Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

5 Eftirlit varðandi merkingar og ólöglegt innihald matvæla

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins til verslunarinnar Kosta lágvöruverslunar ehf. frá 18. janúar 2013. Þar er gerð er grein fyrir eftirliti í verslun fyrirtækisins í Kópavogi á árinu 2012 og frávikum sem fram hafa komið í að fylgt hafi verið matvælaölgjöfni.

Lagt fram erindi Jóhannesar S. Ólafssonar hdl. f.h. Kosta lágvöruverslunar ehf. frá 24. janúar 2013 þar sem vísað er til bréfs heilbrigðiseftirlitsins frá 18. janúar 2013 og gerð athugasemd við fjölda eftirlitsferða í verslunina.

Lögð fram fundargerð frá fundi hjá Matvælastofnun þann 3. janúar 2013. Tilefnið var ítrekaðar kvartanir til Matvælastofnunar frá samkeppnisaðilum um að fyrirtækið Kostur í Kópavogi bryti reglur um endurmerkingu matvæla frá USA og einnig væru til sölu í fyrirtækinu matvæli sem innihalda ólögleg innihaldsefni samkvæmt íslenskri löggjöf.

Lögð fram skýrsla um eftirlit í versluninni sem fram fór í dag.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur að ekki hafi verið fylgt ákvæðum laga og reglugerða við matvæla-dreifingu í verslun Kosta lágvöruverslunar ehf. í Kópavogi og krefst tafarlausra úrbóta. Jafnframt krefst nefndin tímasettrar áætlunar um úrbætur og að í áætluninni komi fram hvernig fylgst verði með að úrbætur komist á. Náist ekki fram nauðsynlegar úrbætur verður ekki komist hjá að grípa til frekari þvingunarúrræða samkvæmt ákvæðum matvælalaga.“

6 Vatnsvernd

6.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 7. janúar 2013.

6.2 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 30. janúar 2013.

6.3 Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd 2012

Lögð fram til kynningar ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2012

6.4 Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Lagt fram erindi svæðisskipulagsstjóra SSH frá 21. desember 2012 varðandi verklýsingu vegna endurskoðunar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Verklýsingin nær til notkunar á grunnvatnslíkani við undirbúning frekari ákvarðanatöku.

„Heilbrigðisnefnd gerir fyrirvara um að nánari upplýsingaöflun gæti þurft að fara fram á ákomusvæði Kaldársstraums en úr þeim grunnvatnsstraumi er neysluvatn höfuðborgarsvæðisins að miklum hluta tekið.“

6.5 Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði á Íslandi

Lagt fram til kynningar erindi Umhverfisstofnunar frá 7. desember 2012 um almenna kynningu á drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands er hafin og mun standa yfir til og með 7. maí á næsta ári eða í 6 mánuði.

6.6 Vatnaáætlun – áfanga og verkáætlun 2011-2015

Lagt fram til kynningar erindi umhverfisstofnunar frá 10. desember 2012 um að út sé komin á vef Umhverfisstofnunar áfanga- og verkáætlun vegna gerðar vatnaáætlunar fyrir árin 2016-2021. <http://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/?NewsID=0820f19e-1a22-422b-bb21-2ec083476ca2>

6.7 Neysluvatnsvernd og samgöngustefna fyrir Bláfjallasvæðið

Lagt fram til kynningar erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 19. desember 2012 þar sem fram kemur að bæjarráð felur bæjarstjóra að taka upp viðræður við Grindavíkurbæ varðandi skipulag í Fagradal. Bæjarráð tekur einnig undir ábendingar heilbrigðisnefndar. Sjá lið 3.2 í fundargerð heilbrigðisnefndar frá 26. nóvember 2012.

7 Eftirlit samkvæmt tóbaksvarnalögum

7.1 Yfirlit yfir útsölu tóbaks

Um áramótin 2012-2013 voru 50 sölustaðir tóbaks í umdæminu. 37 verslanir og 13 veitingastaðir.

7.2 Kvartanir vegna tóbakssölu 2012

Á árinu 2012 komu til meðferðar 9 kvartanir vegna meintra brota á tóbaksvarnalögum. Fimm kvartanir voru um sölu tóbaks til ungmenna. Aðrar kvartanir voru:

- um að ungmenni væru neydd til að selja tóbak,
- á boðstólum væri eftirlíking á tóbaksvöru í formi sælgætis,
- tóbaksreykingar væru heimilaðar í veitingahúsi,
- sóðaskapur væri utan dyra í næsta nágrenni vegna tóbaksreykinga nemenda í framhaldsskóla.

7.3 Ábyrgð á tóbakssölu í verslunum

Lagt fram svar Velferðarráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2012, sem er í framhaldi af erindi Samtaka verslunar og þjónustu frá 19. október 2012. Samtök verslunar og þjónustu drógu í efa heimildir heilbrigðiseftirlitsins til eftirlits með ábyrgð á tóbakssölu í verslunum. Sérstaklega um að ábyrgðinni væri ekki varpað á börn. Ákveðið var að senda erindið Velferðarráðuneytinu til umfjöllunar í ljósi þeirra alvarlegu ásakana sem fram komu um framkvæmd eftirlits með smásölu á tóbaki í verslunum í umdæminu.

Í svari ráðuneytisins kemur fram það mat, með vísun til 1. mgr. 8. gr. tóbaksvarnalaganna, að óheimilt sé að afhenda einstaklingum yngri en 18 ára tóbak og að samkvæmt 7. mgr. 8. gr. laganna megi þeir einir sem orðnir séu 18 ára selja tóbak, þá sé það óheimilt samkvæmt lögnum að hafa þann hátt á að unglingar innan 18 ára hafi aðgang að sölu vörunnar. Þar með hafa þeir umráð yfir henni sem jafnast að fullu á við að varan hafi verið afhent unglíngnum þannig að hann geti selt hana. Engu breyti þar um þó svo að eldri starfsmaður sé til staðar og aðeins kallaður að afgreiðsluborði í slíkum tilvikum”

Heilbrigðisnefnd hefur tekið til skoðunar erindi Samtaka verslunar og þjónustu og svar Velferðarráðuneytis. Farið hefur verið yfir framkvæmd eftirlits með tóbakssölu á undanförunum misserum. Niðurstaða heilbrigðisnefndar er að það hefur verið framkvæmt í samræmi við ákvæði tóbaksvarnalaga. Ákvörðun heilbrigðisnefndar er að framkvæmd eftirlits með smásölu á tóbaki í verslunum skuli haldið úti óbreyttu.

7.4 Frumvarp til laga um tóbaksvarnir

Lagt fram til kynningar tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis sem barst þann 21. desember 2012 varðandi frumvarp til laga um tóbaksvarnir og verslun með áfengi og tóbak (bann við sölu skrotóbaks), 499. mál.

Þingskjalid er hægt að sækja <http://www.althingi.is/alttext/141/s/0641.html>

Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til að koma að athugasemdum.

8 Starfsemin á árinu 2012

8.1 Fundir heilbrigðisnefndar 2012

Heilbrigðisnefnd hélt 9 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 484 dagskrárliðir. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflokki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi.

8.2 Kvartanir og ábendingar 2012

Skráðar voru 522 kvartanir og ábendingar. Kvartanir eru greindar í flokka eftir efni þeirra og eðli. Flestar kvartanir eða 182 voru vegna hollustuháttamála, 115 vegna hundahalds, 82 vegna mengunar, 57 vegna matvæla, 9 vegna tóbakssölu og reykinga og loks 2 vegna framkvæmd eftirlits. Þá eru ótaldar 75 fjölbreytilegar kvartanir sem ekki falla undir ofangreinda flokkun eða skilgreiningar. Er þær flokkaðar saman sem almennar kvartanir.

8.3 Yfirlit um kvartanir og ábendingar 2012

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 182. Kvartanir og fyrirspurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu hefur fjölgað síðustu árin. Slíkar kvartanir eru fyrirferðamestar í þessum flokki eða 62. Vegna dýrahalds eða flækingsdýra annars en hundahalds voru 41 kvörtun. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða stofnana þar sem fólk leitar þjónustu leiddi til 31 kvörtunar.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 82 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Hluti þeirra er vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Má þar til nefna hausaburrkun og kjötvinnslur. Auk fyrrnefndra kvartana voru kvartanir undan ónæði vegna lyktar eða hávaða frá veitingastöðum, kæligám og íþróttahúsi.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru einkum vegna slæmrar meðferðar matvæla eða 17 sinnum. Til slæmrar meðferðar teljast m.a. kvartanir um að vara sé höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða skemmd þegar kemur að neyslu. Einnig var kvartað 12 sinnum vegna ónógs hreinlætis. Kvartanir vegna ófullnægjandi innihaldsmerkinga voru 10 og hugsanlegra matarsýkinga 5. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Í flokknum almennar kvartanir eru m.a. teknar saman kvartanir vegna slæmrar umgengni um sopp og úrgang. Slíkar kvartanir reyndust 24 og er þá ekki átt við kvartanir undan starfsleyfisskyldum atvinnurekstri. Vegna slæmrar umgengni um lóðir voru 20. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 13 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Veruleg fækkun hefur orðið í þessum kvartanaflokkum milli ára. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum tugum bifreiða án númera. Slíkum afskiptum hefur einnig fækkað umtalsvert.

8.4 Yfirlit um eftirlit með hundahaldi 2012

Um áramótin 2012-2013 voru á skrá 2371 hundur í umdæmi heilbrigðisnefndar. Fjölgun um 41 hund var að ræða frá árinu áður en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Eigendur 1420 hunda hafa sótt námskeið í hunduppeldi og 8 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 115 kvartanir vegna hunda á árinu og er um verulega fækkun kvartana að ræða. Aðal umkvörtunarefnið var eins og áður vegna lausra hunda eða í 51 tilviki. Til meðferðar á árinu komu 11 mál sem tengjast ógnunum eða árásum hunds á fólk eða dýr. Í slíkum tilvikum kemur einnig oft til afskipta lögreglu. Í einu tilfalli varð að láta aflífa hundinn þar sem eigandinn gat ekki tekist á við vandamálið.

8.5 Áramóta- og þrettándabrennur 2012 – 2013

Lagt fram yfirlit yfir áramóta- og þrettándabrennur í lok árs 2012 og byrjun árs 2013. Samstillt átak undanfarin ár hefur dregið stórlega úr loftmengun frá brennum sem þó er óhjákvæmilega alltaf nokkur. Sumar brennanna mætti minnka án þess að það yrði á kostnað skemmtanagildis. Lagt er til að stærðarviðmið í framtíðinni verði um 300 rúmmetrar þar sem aðstæður eru taldar góðar.

8.6 Mælingar á brennisteinsvetni

Lögð fram skýrsla um niðurstöður úr mælingum á brennisteinsvetni í upplandi Kópavogs 18. september til janúar loka 2013. Á tímabilinu hefur styrkur brennisteinsvetnis tíu sinnum verið ofan við eða alveg við væntanleg viðmiðunarmörk 1. júlí 2014.

Skýrslan verður send Umhverfisstofnun og Umhverfis- og Auðlindaráðuneyti. Jafnframt verður skýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. (Sjá einnig lið 12.2 í fundargerðinni um upplýsingarétt).

9 Starfsmannahald

Lagt fram erindi Gríms Ólafssonar heilbrigðisfulltrúa frá 24. desember 2012 þar sem hann óskar eftir launalausum leyfi frá störfum til 1. október 2013.

Samþykkt að verða við erindinu með vísun til ákvæða í kjarasamningi um launalaust leyfi til starfsþjálfunar.

10 Samningur um vörslu óskila katta

Lagður fram samningur milli heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Kattavinafélags Íslands um vörslu óskila katta.

Heilbrigðisnefnd samþykkir samninginn.

11 Fundargerðir Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 29. október 2012 og 16. janúar 2013.

12 Önnur mál

12.1 Kærð eiturefnanotkun

Lagt fram erindi Guðrúnar Ásdísar Einarsdóttur frá 27. desember 2012, ásamt fylgigögnum þar sem kærð er eiturefnanotkun að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Þar sem vörur sem kvartað er um er leyfðar á almennum markaði og til notkunar fyrir almenning hefur heilbrigðisnefnd enga heimild til að banna notkun þeirra.

12.2 Upplýsingaréttur um umhverfismál

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 6. desember 2012 þar sem vakin er athygli á lagbreytingu um upplýsingarétt um umhverfismál, þar sem kveðið er á um frumkvæðisskyldu stjórnvalda í birtingu upplýsinga.

12.3 Upplýsingarréttur um umhverfismál og undirbúningur reglusetningar

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 30. nóvember 2012 um upplýsingarétt og umhverfismál og undirbúning reglugerðar varðandi hvaða viðmið skuli styðjast við til að afmarka hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik.

12.4 Breytingar á reglugerðum varðandi mengunarvarnir

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 27. desember 2012 um birtingu tveggja reglugerða varðandi starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og um mengunarvarnaeftirlit. Sérstök athygli er vakin á ákvæði sem komið er í mengunarvarnareglugerð sem varðar frumkvæði að upplýsingagjöf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson